

**Ed.**

**546. Frumvarp til laga**

[14. mál]

um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. apríl.)

**I. KAFLI**

**Um meðferð ölvaðra manna.**

**1. gr.**

Þegar lögreglan tekur mann höndum sakir ölvunar, skal hún tilkynna nánustu vandamönnum hans aðgerðir sínar, ef um mann undir 21 árs aldri er að ræða. Sé maður handtekinn vegna ölvunar tvisvar sinnum eða oftár með skömmu millibili, skal lögreglan tilkynna nafn hans til áfengisvarnaráðunauts eða áfengisvarna nefndar, sem heldur spjaldskrá í þessu skyni.

Þegar um itrekaðar handtökur er að ræða, eða grunur leikur á, að hinn handtekni sé haldinn drykkjusýki, eða yfirvofandi drykkjusýki, skal lögreglan, að fengnu læknisvottorði, flytja hinn handtekna í sjúkrahús, er veitt getur slíkum sjúklingi viðtöku.

Nú er ekki vól á rúmi í sjúkrahúsi í þessu skyni, og skal þá veita hlutaðeigandi sjúklingi læknismeðferð, eftir því sem við verður komið.

**2. gr.**

Ölvaða menn, sem sæta meðferð samkvæmt ákvæðum 1. greinar, skal hafa í gæzlu, unz af þeim er runnið, og allt að tveimur sólarhringum til læknisrannsóknar, eftir því sem ástæða þykir til samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

**3. gr.**

Læknir, sem stundar ölvaða menn samkvæmt ákvæðum 1. og 2. greinar, skal sjá um, að hlutaðeigandi sjúklingi sé látin í té viðeigandi aðhlyning, en auk þess gerir hann sér far um að kynna sér líkamlegt og andlegt ásigkomulag þeirra, svo og allar aðstæður með tilliti til drykkjuhneigðar þeirra og drykkjuskapar. Komist hann að raun um, að um drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða, tilkynnir hann hlutaðeiganda sjálfum, eða aðstandendum hans, eftir því sem við á, niðurstöður sínar og er til ráðuneytis um, hvernig við skuli bregðast.

**4. gr.**

Auka skal svo fljótt sem verða má sjúkrahúskost til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr. Kostnaður við byggingu slíkra sjúkrahúsa eða sjúkrahúsadeilda skal greiðast úr gæzluvistarsjóði eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálastjórnarinnar.

5. gr.

Ákvæði 1.—3. greinar raska ekki ákvæðum laga um viðurlög við ölvunarbrotum, enda mega ákvæði þessara laga ekki verða því til hindrunar, að þeim viðurlögum verði komið fram.

6. gr.

Kostnaður af dvöl á sjúkrahúsi skv. 2. gr. greiðist á sama hátt og annar sjúkrahúskostnaður.

7. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—3. greinar, með sérstöku tilliti til þess, ef um endurtekin tilfelli, drykkjusýki eða yfirvoftandi drykkjusýki er að ræða, að hlutaðeigendum gefist kostur á sem fullkornustum leiðbeiningum og aðstoð sér til viðréttingar, og þá sérstaklega, ef unglingar eiga í hlut.

## II. KAFLI

### Um meðferð drykkjusjúkra manna.

8. gr.

Meðferð drykkjusjúkra skal vera í höndum lækna, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, eða annarra stofnana, sem til þess hafa hlotið sérstakt leyfi heilbrigðisstjórnarinnar og háðar eru eftirliti hennar.

Stofnanir eða einstakir lækna, sem hafa drykkjusjúklinga til meðferðar, skulu senda landlækni, eða þeim, er hann ákveður, upplýsingar á þar til gerðum eyðublöðum, er skrifstofa landlæknis lætur í té.

9. gr.

Á geðsjúkrahúsi ríkisins og síðar á móttökudeild þess, er byggð verður, skal vera unnt að veita drykkjusjúklingum meðferð og framkvæma á þeim nauðsynlegar rannsóknir. Í þessu skyni skal auka sjúkrarými stofnananna, svo að unnt verði að vista þar drykkjusjúka til skammrar sjúkrahúsmeðferðar. Í tengslum við geðsjúkrahúsið eða móttökudeild þess skal reka lækningastöð fyrir þá, sem ekki þarfnast innlagningar, svo og til eftirmeðferðar þeirra, sem innlagðir hafa verið. Í tengslum við geðsjúkrahúsið skal enn fremur reisa og reka sérstök hæli til meðferðar þeirra, sem ekki er talið að veitt verði viðhlítandi meðferð á annan hátt; hér með talin deild á sjúkrahúsinu fyrir þá, sem haldnir eru psychoses alcoholicae eða alcoholismus symptomaticus in aliis psychosibus.

Til þess að mæta hinum auknu störfum, sem ákvæði þessarar greinar leggja á geðsjúkrahúsið, skal ráða sérstakan aðstoðaryfirlækni, er hafi m. a. með höndum meðferð drykkjusjúkra í sjúkrahúsinu og fyrir- og eftirmeðferð í lækningastöð. Annað starfslið, sem nauðsynlegt kann að þykja til að fullnægja þessum störfum, skal heimilt að ráða eftir þörfum.

10. gr.

Vilji bæjarfélag eða samtök, sem starfa að bindindis- eða líknarmálum og fengið hafa leyfi heilbrigðismálastjórnarinnar, reisa og reka á sinn kostnað lækningastöð eða hæli til aðhlýnningar og lækningar drykkjusjúku fólki, er heimilt að veita til þess styrk úr gæzluvistarsjóði, að því tilskildu, að heilbrigðismálastjórn staðfesti reglugerð slíkra stofnana, enda séu þær háðar eftirliti hennar.

11. gr.

Til hælsvistar skv. 9. og 10. gr. verða teknir:

1. Þeir, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar vistar í allt að sex mánuði. Umsóknin skal undirrituð af umsækjanda í viðurvist tveggja vitundar-

votta, sem staðfesta, að undirskriftin sé gerð af fúsum og frjálsum vilja og að umsækjandi hafi verið vel fær um að gera sér grein fyrir þeirri skuldbindingu, er í umsókninni fólst.

2. Þeir, sem sviptir eru sjálfræði vegna drykkjusýki.
3. Þeir, sem undirgangast fyrir sakadómi að sæta hælsvist allt að sex mánuði.
4. Þeir, sem dæmdir eru til hælsvistar, sbr. 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.

Tekið skal fram í umsókn, sbr. tl. 1, og yfirlýsingu fyrir dómi, sbr. tl. 3, að umsækjandi gangist undir að virða í einu og öllu þær reglur, sem um hælsvist eru settar.

#### 12. gr.

Sá, sem fengið hefur hælsvist skv. 1.—3. tl. 11. gr., skal dvelja á hælínu svo lengi sem læknir þess ákveður. Þó skal sjúklingur, er hlotið hefur hælsvist skv. 1. eða 3. tl. 11. gr., aldrei dvelja lengur á hæli en hann hefur skuldbundið sig til með umsókn, þ. e. í mesta lagi sex mánuði, nema samþykki hans komi til að nýju.

Sá, sem dæmdur hefur verið til hælsvistar skv. 4. tl. 11. gr., skal hlíta vistinni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.

Nú fer sá, sem fengið hefur hælsvist skv. ákvæðum þessara laga, heimildarlaust af hæli, þar sem hann dvelst, og er þá heimilt að þröngva honum, eftir atvikum með lögregluvaldi, í vistina á ný og til að hlíta henni, unz lokið er þeim tíma, sem segir í 1. og 2. málsg. þessarar greinar.

#### 13. gr.

Hælsvist fylgir vinnuskylda, eftir því sem yfirlæknir hælísins segir fyrir um eða aðstoðarlæknar hans eða aðrir í hans umboði.

#### 14. gr.

Hver sá, er gefur eða veitir áfengi þeim, sem honum vitanlega er í meðferð vegna drykkjusýki, eða aðstoðar hann við útvegum áfengis, skal sæta sektum.

#### 15. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna hælsvistar fer eftir lögum nr. 78 1936, um ríkisframbærslu sjúkra manna og örkumla.

#### 16. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð drykkjusjúkra manna skv. lögum þessum, þar á meðal með hverjum skilyrðum þeim verði veitt hælsvist, rekstur hæla skv. 9. gr., vist þar, vinnu vistmanna, svo og aðrar skyldur þeirra og réttindi.

### III. KAFLI

#### Um gæzluvistarsjóð.

#### 17. gr.

Af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins skal greiða  $7\frac{1}{2}$  milljón krónur ár hvert í sérstakan sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara, og þá fyrst og fremst að auka og reisa stofnanir þær, sem um getur í 4. og 9. gr. laganna.

Af tekjum sjóðsins skal árlega verja a. m. k. 2%, tveim af hundraði, til rannsókná á orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki.

Heilbrigðisstjórn er heimilt að ákveða til allt að fimm ára í senn, að verja megi nokkrum hluta af tekjum sjóðsins til að styrkja starfsemi félaga, sem reka

á sinn kostnað hæli eða aðrar stofnanir til lækninga drykkjusjúku fólki, enda fari öll sú starfsemi fram skv. reglugerðum, sem heilbrigðisstjórnin staðfestir, og sé háð eftirliti hennar.

#### IV. KAFLI

Um meðferð þeirra, er misnota önnur slævandi eða örvandi efni.

18. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að lög þessi taki einnig til þeirra, sem misnota önnur slævandi eða örvandi efni, að því leyti, sem við getur átt, og skal þá sérstök reglugerð sett þar um.

#### V. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eftir því sem skilyrði verða fyrir hendi til að fullnægja ákvæðum þeirra. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, svo og síðari breytingar á þeim lögum.